

VINSTRIHREYFINGIN GRÆNT FRAMBOÐ

Landsfundur 20.-22. mars 2009

Setningarræða Steingríms J. Sigfússonar

Ég vil byrja á því að bjóða ykkur öll velkomin til sjötta reglulega landsfundar Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs. Það hefur mikið vatn til sjávar runnið síðan við hittumst á sambærilegum vettvangi í febrúar 2007 í aðdraganda Alþingiskosninga. Í þeim kosningum vann Vinstrihreyfingin grænt framboð góðan sigur, við urðum helsti sigurvegari þeirra kosninga, bættum við okkur fjórum þingmönnum og fengum 14,3% atkvæða sem gerði okkur að stærsta vinstri eða vinstri græna flokknunum á Norðurlöndunum, ef frá eru taldir systurflokkar okkar í Færeyjum og á Grænlandi.

Flokkssystkini okkar í sósíalíska þjóðarflokknunum danska, unnu um haustið það sama ár sögulegan sigur, en voru þó einu prósentu frá því að skáka okkur, eins og ég leyfði mér kurteislega að minna þau á á eftirminnilegri kosningavöku þeirra í Dæluhúsinu í Kaupmannahöfn.

En það, hvernig úr kosningunum vorði 2007 spilaðist, voru vissulega vonbrigði.

Þrátt fyrir kosningasigur okkar, þá vantaði herslumuninn til að fella þáverandi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknar með hreinum hætti og láta þannig reyna á innistæður þess sem manna á millum gekk undir nafninu “kaffibandalagið” og við höfum átt stóran þátt í að mynda og frumkvæði að, að til varð. Þ.e. sú samstilling þáverandi stjórnarandstöðuflokka og sérstaklega okkar og Samfylkingarinnar, sem gekk út á sameiginlegar áherslur í félagsmálum og þann ásetning að fella ríkisstjórnina og taka við.

Samfylkingin kaus að ganga til samstarfs við Sjálfstæðisflokkinn, samstarfs sem lauk nú í janúarlok með eftirminnilegum hætti. En það sem verra var kannski, að eftir stjórnarskiptin, vorið 2007, fór í hönd einkennilegt tímabil andvara- og aðgerðarleysis, sem átti eftir að reynast íslensku þjóðinni dýrt, - það var eins og sú ríkisstjórn með sinn mikla þingmeirihluta teldi sig einhvern veginn komna með völdin til frambúðar, - hún þyrfti ekki mikið fyrir hlutunum að hafa, afskipta- og aðgerðarleysi varð helsta boðorðið, einskonar íslensk útgáfa “laissez faire”- stefnunnar, sem síðar varð til að auðga íslenska tungu með nýju sagnorði, kenndu við forystusauðinn sjálfan!

Þó var það svo, að strax haustið og veturinn 2007/2008, var ljóst að í hreint óefni stefndi. Með falli krónunnar á útmánuðum 2008 og ýmsum atburðum vorsins mátti öllum vera ljóst, að tíminn var að hlaupa frá okkur til að takast á við það geigvænlega jafnvægisleysi, óstjórn, óráðsú og skuldasöfnun sem einkennt hefur íslenskan þjóðarbúskap undanfarin ár.

S.l. vor, vorið 2008, þegar Alþingi lauk störfum, vöruðum við, Vinstri græn, sérstaklega við því, að menn létu sumarið og haustið líða, án þess að grípa til neinna ráðstafana. Um mitt sumar lagði þingflokkur VG það til, að Alþingi yrði kallað saman í ágústmánuði til þess að undirbúa óumflýjanlegar aðgerðir og að þingnefndir undirbyggju það þinghald. Á ekkert af okkar varnaðarorðum eða tillögum til úrbóta var þarna hlustað, frekar en því miður, árin á undan.

Í ágústlok á s.l. ári, komum við saman til flokksráðsfundar í Reykholti og settum þá fram okkar tillögur um aðgerðir og kröfðumst þess að menn vöknðu af dvalanum, en fátt gerðist, septembermánuður leið, og þá um mánaðarmótin september-október hófst hrúnið.

Þegar hinar miklu og samþjöppuðu stóriðjuframkvæmdir voru samþykktar á árunum 2002-2003, þá, til viðbótar því að berjast gegn umhverfisspjöllumum, vöruðum við við hættunni á ofþenslu og jafnvægisleysi, og erfiðleikum sem slíkt myndi óumdeilanlega leiða af sér í hagstjórn. Undir þau varnaðarorð var daufluga tekið, af einstöku aðilum, eins og lesa má um, t.d. í ritum Seðlabankans frá þeim tíma, en í raun og veru ekkert aðhafst.

Þegar skattalækkunarloforðin miklu brustu á, í aðdraganda Alþingiskosninga 2003 og Framsóknarflokkur, Sjálfstæðisflokkur og Samfylkingin yfirbuðu hvern annan í þeim efnunum, skárum við okkur úr.

Við tókum ekki þátt í þeim söng og vöruðum þvert á móti við. Miklar og fyrirframákveðnar skattalækkanir myndu reynast erfiðar í hagstjórnarlegu tilliti, auk þess sem formúlurnar sem í uppsiglingu voru, að lækka fyrst og fremst skatta á hátekjufólki, gróðafyrirtækjum og fjámgagnseigendum, myndu ekki leiða til farsældar í íslensku samfélagi. Við tókum heldur ekki þátt í, eða mæltum með, yfirboðunum í sambandi við húsnæðislán.

Strax á árunum 2003/2004, svo ekki sé nú talað um þegar komið var fram á 2005, mátti öllum hugsandi mönnum ljóst vera að í óefni stefndi á Íslandi. Síðla vetrar 2005, fluttum við okkar fyrstu þingsályktunartillögu um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika. Þar vöruðum við m.a. við þenslu og ofvexti fjármálageirans og bentum á hversu ískyggilega margt væri sameiginlegt með ástandinu á Íslandi, eins og það væri að þróast, og því sem var í aðdraganda bankakreppunnar á Norðurlöndum.

Við lögðum fram fjölmargar tillögur til aðgerða, svo sem eins og þær að beita bindiskyldu, að styrkja eftirlitssaðila, að framkvæma álagspróf í fjármálakerfinu, hætta við frekari þensluhvetjandi stóriðjuframkvæmdir og hætta við, eða a.m.k. fresta frekari skattalækkunum.

Á hverju ári síðan, 2006, 2007 og 2008 fluttum við þingsályktunartillögu og síðast frumvarp um aðgerðir í efnahagsmálum, aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika, styrkja þyrfti gjaldeyrisfordann og stöðva þá óheillaþróun, verðbólgu, okurvaxta, viðskiptahalla og skuldásöfnunar, sem var að sigla íslensku þjóðarskútunni í kaf.

Það er því þannig, góðir félagar, að Vinstrihreyfingin grænt framboð, hefur haft, og hefur enn, algjörlega sérstöðu íslenskra stjórnmálaflokka hvað þetta snertir.

Það vorum við sem vorum helstu, og oftast því miður einu, gagnrýnendur þeirrar nýfrjálsbyggju- og græðgisvæðingarstefnu sem hér var fylgt.

Það vorum við sem mæltum varnaðarorðin, það vorum við sem lögðum til aðgerðir, það vorum við sem stóðum vakandi á verðinum meðan aðrir sváfu eða voru beinlínis ábyrgir fyrir ósköpunum.

Við gagnrýndum einkavæðingu bankanna og aðferðirnar sem þar voru notaðar.

Við vöruðum við skattalækkunum í vaxandi verðbólgu og þenslu.

Við lögðum til að ofvöxtur bankakerfisins og fjármálageirans yrði stöðvaður, við hvöttum til þess að áhætta þjóðarbúsins yrði takmörkuð með því aðskilja viðskiptabanka og

fjárfestingabankastarfsemi og þannig gæti ég lengi haldið áfram.

Nú vilja ýmsir Lilju kveðið hafa, og ég get ekki neitað því að ég brosi út í annað þegar að þátttakendur í hildarleiknum sjálfum, eða þeir sem áttu að standa þar á verði, tíunda nú hversu gagnrýnir þeir hafa verið á útrásina og hversu oft þeir hafa varað við. Kannski er minni mitt farið að bregðast mér, en ég man ósköp lítið eftir röddum margra slíkra sem nú telja sig hafa séð þetta fyrir og varað við því.

Það er ekki bara Ísland sem er að fara illa út úr hruni hins hnattvædda nýkapítalisma, það er heimurinn allur, og eitt af því sem gerir okkur nú erfiðara um vik að vinna okkur út úr ósköpunum eru einmitt versnandi ytri aðstæður í heiminum öllum – og þá sérstaklega í okkar helstu viðskiptalöndum.

Tímamótin sem Ísland er að fara í gegn um eru margvísleg: pólitísk, söguleg, efnahagsleg og auðvitað ekki síst, hugmyndafræðileg. Hér er að hrynja til grunna hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins s.l. 25 - 30 ár, eða allt frá því að nýfrjálshyggjumennirnir náðu þar undirtökum og hófu að prédika sinn boðskap.

Það er sem sagt meira, góðir fundarmenn, sem er komið í þrot en stóru bankarnir.

Sjálfstæðisflokkurinn er hugmyndafræðilegt þrotabú, eins og hann hefur rekið sína stefnu undanfarin ár og hún er því góð, sú spurning sem kviknaði norðan heiða fyrir um viku síðan, hvort ekki væri nauðsynlegt að skipa skilanevnd yfir Sjálfstæðisflokknum?

Það er Sjálfstæðisflokkurinn sem öllum öðrum íslenskum stjórnmálaflokkum fremur ber ábyrgðina á því hvernig komið er fyrir Íslandi á þessari stundu. Þeim mun mikilvægara er, að hann komist ekki aftur til valda, um langa framtíð; sérstaklega vegna þess að Sjálfstæðisflokkurinn virðist ekki vera fær um að endurmeta á nokkurn hátt sinn hugmyndafræðilega grunn. Í framtíðarnefnd á vegum Sjálfstæðisflokksins sem nú hefur verið að störfum, gefur fyrst og fremst að líta að það þurfi að skipta um fólk, ekki um stefnu, það þurfi sem sagt nýtt fólk, en til að framkvæma sömu stefnu.

Það er óumflýjanlegt að fara nokkrum orðum hér um hrunið og afleiðingar þess, hvernig það skilur íslenskt þjóðarbú eftir í sárum, skuldum hlaðið.

Vissulega er stór hluti þeirra skulda á ábyrgð einkaaðila, skuldsett heimili og atvinnulíf þar sem menn fóru geyst í trúnni á hið eilífa góðæri, og á grundvelli ráða frá sérfræðingum sem hvöttu jafnvel almenning til að taka erlend gjaldeyrslán til húsnæðiskaupa, hafandi sínar tekjur í íslenskum krónum.

En það er þó ósanngjarnt og ekki rétt að kenna almenningi í landinu um hvernig komið er, veruleikinn er sá, að það eru fyrst fremst mistök tiltölulega fárra ráðandi aðila í stjórnmálalífi, eftirlitsstofnunum og stjórnsýslu, fjármálaheiminum og bönkum, áhættufíklum útrásarinnar, fjölmiðlunum og, að einhverju leyti fræðasamfélaginu, sem valda því hvernig komið er.

Þessa hluti verðum við að hafa einurð í okkur til að ræða. Þessa hluti verðum við að rannsaka og upplýsa. Þennan kafla í sögu okkar verðum við að gera heiðarlega upp sem þjóð. Það er hluti endurreisnarinnar. Annars komumst við aldrei almennilega í burtu frá þessum atburðum, annars verða sárin alltof lengi að gróa. Við verðum, Íslendingar, að horfast í augu við það sem þjóð, að við berum höfuðábyrgð á því sjálf sem gerðist á Íslandi. Það, að kenna bara falli

Lehman Brothers, öfund Dana eða fólsku Breta um, leysir engan vanda. Afneitun dugar ekki.

En við eigum auðvitað ekki að dæma af allan skóginn þó þar séu nokkur rotin tré. Það gerir ekki alla stjórnámálamenn seka, þó tilteknir einstaklingar og flokkar hafi brugðist. Það gerir það ekki að glæp, að hafa unnið eða að vinna í banka, þó stjórnendur þar hafi ýmislegt misjafnt aðhafst. Það gerir ekki alla blaða- og fréttamenn að undirlægjum, þó yfirmenn þeirra hafi verið meira og minna viðhlæjendur útrásarvitleysunnar.

Ef við hverfum frá hinum pólitísku og huglægu þáttum að hinum efnislegu, þá er langalvarlegust skuldastaða þjóðarbúsins, hún er okkar erfiðasta úrlausnarefni um þessar mundir, fyrir utan atvinnuleysið sem er félagslega og mannlega verst. Ríkissjóður er því miður dæmdur til að taka á sig umtalsverðar skuldir á næstunni.

Það að ríkissjóður stóð þrátt fyrir allt vel, og skárri væri það nú, eftir allar þenslutekjurnar og eignasöluna, reynist skammgóður vermir þegar hið kostnaðarsama banka- og efnahagshrun skellur á okkur, og þjóðin, svo ósanngjarnt og óréttlátt sem það er, neyðist til að taka á sig mikla skuldabyrði í gegnum sinn sameiginlega sjóð. Skuldir ríkissjóðs fara nú, að áætlað er, úr 230 milljörðum í árslok 2007 í 1100 milljarða í lok þessa árs.

En gæfa okkar er, þrátt fyrir allt, að við búum að sterkum innviðum í góðu norrænu samfélagi, við eigum ríkan auðlindagrunn til að byggja á, og við eigum mikinn mannauð og okkur á ekkert að vera að vanbúnaði með kraftmikilli og samstilltri baráttu, að hefja senn endurreisnarstarfið.

Okkar hlutskipti, Vinstri grænna, er nú og verður vonandi áfram, að taka af ábyrgð, festu og kjarki á hinum afdrifaríku verkefnum. Við gerum það óhrædd og hiklaust. Við þorum að leggja okkur undir, við þorum að taka áhættu.

Við erum ekki feimin við að mæta til leiks og taka til eftir veisluna, sópa, skúra, dusta rykið, moka út, gera það sem gera þarf til að hreinsa til í samfélaginu. Til að tryggja að hér verði rannsakað og upplýst, málin verði heiðarlega gerð upp og þannig geti þjóðin síðan snúið sér af öllu afli að hinu stóra framtíðarverkefni að byggja okkur upp á nýjan leik.

Hvað þurfum við að byggja í íslensku samfélagi sem hefur glatast ?

Við þurfum að byggja upp traust, við þurfum að endurlýðræðisvæða íslensk stjórnámál og íslensk þjóðmál almennt. Við verðum að tryggja, með opnum, heiðarlegum og gagnsæum vinnubrögðum, að sú hyldýpisgjá tortryggni og vantrausts sem myndast hefur í íslensku samfélagi, hana takist að brúa þannig að við förum ekki með alltof djúp ör á sálinni eftir þennan hildarleik inn í framtíðina.

Við þurfum að snúa okkur að því, af miklum krafti, að efla atvinnusköpun, ekki síst styrkja útflutningsstarfsemi og gjaldeyrisöflun; það gerum við annars vegar með beinum útflutningi, með því að selja vörur og þjónustu, með því að laða til okkar erlenda ferðamenn sem gefa af sér gjaldeyristekjur.

Það getum við líka gert með ýmis konar innlendri verðmætasköpun sem kemur í stað fyrir kostnaðarsaman innflutning. Innlend aðföng sem okkur nýtast til framleiðslu og verðmætasköpunar eru jafngild útflutningi – það að bændur auki kornrækt, að við förum aftur að framleiða okkar eigin áburð, að við förum aftur að þjónusta og helst smíða okkar fiskiskip og flota, það að við leitum allra leiða til að fullvinna með sem mestum virðisauka okkar

framleiðslu, allt kemur það að sama gagni. Hvers kyns nýsköpun þar sem hugvitið er virkjað, þar sem innlendir virðisauki er hafður í öndvegi, þar sem vatn, loft, víðerni, mannvit og hugkvæmni eru undirstaðan, það á að vera okkar boðskapur.

Ég hef sagt það áður og get endurtekið það: það sem nú þarf að gera er að fara með stækkunarglerið á alla möguleika, ekki síst, þá mörgu og smáu sem okkur geta gagnast í þessum efnunum. Það er engin ein töfralausn til, þetta verður ekki leyst með einum stórum pakka af einhverju tagi, eins og Íslendingar oft í gegnum tíðina hafa svo illilega feilað sig á. Að trúa á hinar stóru lausnir að ofan. Þær eru engar til og verða engar til. Við þurfum á fjölbreytni, hugkvæmni og grósku að halda á sem allra flestum sviðum.

Orkan er að sjálfsögðu ein okkar mikilvægasta auðlind, en öllu máli skiptir hvernig við umgöngumst hana og hvernig við nýtum hana. Okkar orkubúskap þarf að þróa með sjálfbærum hætti, hann á að vera liður í að gera okkur sjálfbær – það ætti að vera forgangsmál að nýta innlenda vistvæna orku til þess að gera okkur óháðari innfluttu mengandi jarðefnaeldsneyti til þess að leggja grunn að fjölbreyttum og umhverfisvænum iðnaði.

En ekki að einblína á gömlu stóru lausnir gærdagsins, risaverksmiðjur í eigu erlendra aðila sem skilja tiltölulega lítinn nettó virðisauka eftir í íslensku samfélagi. Að lokum snýst þetta fyrst og fremst um það, hvernig samfélag við viljum, hvernig sjáum við framtíð okkar, framtíð þar sem við, Vinstri græn, ætlum að vera virkir þátttakendur og gerendur.

Við höfum nú notið, samkvæmt skoðanakönnunum, mánuðum saman, yfirgnæfandi fylgis meðal yngstu kjósenda landsins. Þar hefur átt sér stað mikil hugmyndafræðileg vakning, þar hefur farið fram mikil gerjun, það má nánast kalla það byltingu. Það eru sterk skilaboð.

Við þurfum, miðað við þetta, ekki að kvíða framtíðinni; það eru frekar aðrir flokkar. Enda eru þeir hluti fortíðarinnar.

Fortíðin er Sjálfstæðisflokkurinn, við, Vinstri græn, erum framtíðin. Sjálfstæðisflokkurinn, með sína ábyrgð á því hvernig farið var með Ísland, er fortíðin, en við erum framtíðin.

Það er spennandi og stórt verkefni að skapa nýtt Ísland. Það er krefjandi, það verður erfitt, en það verður líka skemmtilegt, ef rétt er á málum haldið.

Vinstrihreyfingin grænt framboð, hefur nú sannað, svo ekki verður um það deilt, við erum flokkur sem skiptir máli, við erum flokkur sem þorir, við höfum þann kjark sem til þarf og rennum ekki undan þó verkefnin séu erfið.

Við erum líka fullvaxinn flokkur. Ég hafði gaman af því, á fundi sem ég sótti fyrir síðustu helgi, að þar var talað um að fá fulltrúa STÓRU flokkanna til fundar, og við vorum að sjálfsögðu einn af þeim.

Tveggjaturnatalið er liðin tíð. Í mælingum undanfarinna mánaða og vikna, þá hafa þrír flokkar í landinu mælst með fylgi á svipuðum slóðum, og við erum einn þeirra.

Flokkurinn sem margir efuðust um, í upphafi, að yrði nokkurn tíma barn í brók, yrði nokkurn tíma til, nema þá, ef vera skyldi, sem örlítill og áhrifalaus jaðarflokkur.

Ég læt það eftir mér að segja þetta hér, svona í tilefni tíu ára afmælisins sem við fögnuðum á dögnum og með vísan til stöðunnar í íslenskum stjórnámum í dag, þar sem Vinstrihreyfingin grænt framboð er annar burðarás, jafngildur burðarás, í ríkisstjórn landsins.

Við höfum vissulega átt okkar vaxtarverki og línun hefur ekki verið alveg bein, þó hún hafi allan tímann stefnt vel. Við höfum til að mynda nú, í fyrsta sinn, gengið í gengum forval, í aðdraganda Alþingiskosninga í öllum kjördæmum. Þar hafa að sjálfsögðu ekki allir náð þeim árangri sem þeir stefndu að, en í það heila tekið held ég að okkur hafi vegnað vel.

Þátttakan í okkar prófkjörum var glæsileg, einhver sú mesta, ef ekki sú mesta hjá öllum flokkum, á annað hundrað þátttakendur tóku þátt í forvölum okkar í öllum kjördæmum landsins- og ég trúi og treysti að sú eðlilega samkeppni sem varð milli glæsilegra sveita hæfra frambjóðenda í aðdraganda forvalanna, tilheyri nú sögunni, og öll snúum við bókum saman, baráttuglöð og vígreif í því stóra verkefni sem framundan er, kraftmikilli kosningabaráttu þar sem við teflum fram okkar áherslum og hugsjónum, þar sem við, keik og stolt, bendum á okkar málafylgju í íslenskum stjórnámum, allt frá því að við urðum til í aðdraganda Alþingiskosninga 1999.

Vinstrihreyfingin grænt framboð, getur umfram alla aðra íslenska flokka verið hreykin af framgöngu sinni og frammistöðu þann tíma sem við höfum starfað. Við höfum ekkert til að biðjast afsökunar á, nema þá ef vera skyldi, að hafa ekki náð, þrátt fyrir erfiðar aðstæður, að koma okkar góða málstað, okkar réttmætu aðvörunum og ábendingum betur á framfæri. Það sem ég spyr mig fyrst og fremst um er, hefðum við ekki einhvern veginn getað gert betur í þeim efnum? Gátum við talað hærra, lengur, öðruvísi? Áttum við að skrifa fleiri greinar, fleiri bækur, halda fleiri fundi? Hvað hefði mögulega dugað til á árunum 2004-5 til og með 2008 til að rjúfa veisluglauminn, afhjúpa sjálfsblekkinguna, vekja sofandi valdhafa?

Það hefði ekki átt að þurfa neitt annað en að fá fólk til að horfa á mælan. Þeir voru allir þarna og slógu í rautt: verðbólga og ofþensla, viðskiptahalli, skuldasöfnun, græðgi og oflátungsháttur, sukk og spilling. En, nei þegar á þá var bent voru menn bara fúlir og á móti. Já, hverju vorum við, Vinstri græn á móti? Við vorum á móti ruglinu, við vorum á móti því að setja Ísland á hausinn og við skulum ævinlega vera stolt af því.

En að sjálfsögðu eiga menn líka og alltaf að líta í eigin barm, horfa af og til í spegilinn – þetta eru ekki bara þau, þetta eru líka við.

Stjórnámamenn og stjórnámáflokkar sem ekki velta sjálfum sér fyrir sér og sinni stöðu, um leið og þeir horfa til andstæðinganna og takast á við þá, eru á villigötum. Við skulum ekki verða þannig flokkur. Eðlilega heyrast þær raddir, að við hefðum getað gert betur. Nú þegar, á þeim stutta tíma sem við höfum tekið þátt í ríkisstjórn, er eðlilegt að spyrja, hefðum við ekki getað gert betur? Við skulum hlusta á slík sjónarmið og taka mark á þeim.

Okkur verða á mistök, það er óumflýjanlegt, að ég tala nú ekki um við ógnaraðstæður eins og þær sem nú er glímt við. Ég hef látið undan aðstæðum sem valda því að góðir vinir í hópi femínistaflokksins, og vel að merkja, ég ætla eftir sem áður að telja mig einn af þeim, hafa orðið fyrir vonbrigðum.

Ég er heldur ekki enn búinn að standa við loforðið um að fara á stofugang í fjármálaráðuneytinu og heilsa upp á það góða starfsfólk sem þar vinnur baki brotnu. Verra er, að ég hef ekki komist mikið áleiðis með eitt af fáum loforðum sem ég gaf fyrir síðustu

kosningar: að gera táknumál heyrnarlausra að þeirra móðurmáli, kæmist ég og við í ríkisstjórn. Þannig mætti áfram telja. Jafnvel við hinar bestu af aðstæðum verða mistök, verða vonbrigði, hvað þá nú.

Þetta verður erfitt, það verður sótt að okkur, það bíða þess öflugir aðilar að komast aftur að kjötkötlunum og í aðstöðu til að skipta reitunum á milli sín. Það ætlum við að stoppa. Sjálfökuliðið má ekki komast aftur að uppsprettunum. Það á ekki að endurskapa Ísland ársins 2007. Við höfum lagt okkur undir til að afstýra því og til þess þurfum við á öllum okkar innri sem ytri styrk að halda, við þurfum til þess öflugan stuðning þjóðarinnar og við þurfum að standa saman sem einn maður.

Einu get ég, held ég, lofað, að við höfum lagt okkur öll fram. Við höfum ekki legið á liði okkar. Þetta hefur verið starfsöm og afkastamikil ríkisstjórn. Hún hefur satt að segja komið ótrúlega miklu í verk á ótrúlega skömmum tíma. Það er, held ég, hið almenna viðhorf úti í þjóðfélaginu, þó örugglega vildu margir að við hefðum getað gert meira, og helst kraftaverk, enda margir sem þurfa nánast á slíku að halda, eins og erfiðleikarnir eru sem barið hafa að dyrum.

Ríkisstjórnin hefur síðan 1. febrúar s.l. flutt og þegar fengið samþykkt sem lög:

- Endurskipulagningu Seðlabankans
- Fullt og endanlegt afnám eftirlaunalaganna
- Hækkun endurgreiðsluhlutfalls virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingarstað úr 60 í 100%
- Opnað fyrir útgreiðslu séreignasparnaðar
- Greiðslu- eða gjalddagaaðlögun fyrir atvinnulífið
- Gagnsæi í störfum fjármálaeftirlitsins,

svo nokkuð sé nefnt.

Fyrir þinginu liggja:

- Frumvarp um 25% hækkun vaxtabóta
- Stöðvun nauðungaruppboða
- Greiðsluaðlögun bæði samningskrafna og veðlána
- Frumvarp um að loka skattaskjólum
- Frumvarp sem tryggir sérskipaða saksóknaranum aðgang að öllum upplýsingum
- Eignaumsýslufélag til að endurskipuleggja þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki
- Lýðræðisumbætur
- Sameign á náttúruauðlindum

Ríkisstjórnin hefur samþykkt aðgerðaáætlun gegn mansali, að setja stjórnarráðinu siðareglur, að innleiða kynjaða hagstjórn, að fullgilda Árórsarsáttmálann, skipt út stjórn LÍN eftir sautján ára einokun íhaldsins, hætt við að selja inn á sjúkrahúsin o.s.frv., o.s.frv.

Ríkisstjórnin hefur reynt sitt besta til að vinna opið og veita upplýsingar um stöðuna, m.a. með vikulegum blaðamannafundum þar sem hreinskilnislega er gerð grein fyrir störfum stjórnarinnar og því sem er efst á baugi. S.l. þriðjudag efndi ég það loforð að reiða fram bestu fáanlegar upplýsingar um raunverulega stöðu ríkissjóðs, þjóðarbúsins og horfurnar. Þessir fundir eru raunverulegir upplýsingafundir og ekki hannaðir af norskum hernaðarráðgjöfum.

Við höfum hins vegar ófeimin leitað erlendra sérfræðiaðstoðar þar sem það hentar. Er þar, að öðru ólöstuðu, hvað mestur fengur að norsk-franska rannsóknardómaranum Evu Joly og nú verður embætti hins sérskipaða saksóknara stóreflt með ráðgjöf frá henni.

Við skulum síðan, góðir félagar, fara héðan út af þessum fundi baráttuglöð og vígreif og gleyma því ekki að hafa gaman að því sem við erum að gera og efla liðsandann. Það hefur aldrei gefist vel að ganga til verka með hangandi haus og full af verkkvíða. Hugurinn ber mann gjarnan hálfu leið. Ísland hefur meiri þörf fyrir okkur nú en nokkru sinni fyrr.

Ég vil segja nokkur orð um kosningabaráttuna sem í hönd fer. Í mínum huga kemur ekkert annað til greina en að hún verði hófstíllt og öllum kostnaði haldið í lámarki. Við munum ekki bjóða þjóðinni upp á rándýrar glansauglýsingar og ábyrðarlausan loforðaflaum. Það höfum við aldrei gert og allra síst færum við að gera það nú. Verum sem mest úti á meðal fólks, rökræðum, stöppum stálinu hvert í annað og þá sem við hittum að máli. Munum að margir eiga um sárt að binda, hafa misst atvinnuna, tapað fé, finnst þeir sviknir og treysta fáu.

Uppbyggileg og ábyrg barátta er mikilvægari nú en nokkru sinni fyrr. Barátta í anda þess sem við höfum alltaf staðið fyrir. Enda held ég hvort sem er, að þessar kosningar verði ekki unnar með kaupum á jakkafötum eða því að læra að brosa, ekki með því að lofa öllum öllu, ekki með lýðskrumi og sýndarmennsku. Tímarnir eru alvarlegir, höfum það í huga.

Við getum spurt okkur spurningarinnar, þegar við veltum fyrir okkur erfiðleikunum og því sem framundan er á Íslandi, í hvers höndum viljum við hafa samfélagið ?
Hverjum er best treystandi til að reyna að standa vörð um þá sem lakast eru settir?
Hverjir eru líklegastir til að reisa landið úr rústum nýfrjálshyggjunnar, við eða nýfrjálshygguliðið sjálft, hverjum er treystandi til að gera það sem gera þarf á félagslega meðvitaðan og sanngjarnan hátt ?

Erum það við – eða er það Sjálfstæðisflokkurinn ?

Þessir eru pólarnir í íslenskum stjórnámálum, þetta er hinn raunverulegi valkostur.

Sjálfstæðisflokkurinn eða við. Við, flokkurinn sem alls ekki hefur það á samvisku sinni að hafa leitt Sjálfstæðisflokkinn til valda eða haldið honum þar. Sjálfstæðisflokkurinn er ekki bara Sjálfstæðisflokkurinn í þröngum skilningi, hann er víðtækt valdanet, samansúrrað bandalag hagsmuna sem hefur á þessum langa valdatíma lagt þéttriðið net sitt í stjórnsýslunni, fjármálaheiminum og viðskiptalífínu.

Einnig er mikilvægt að hafa í huga að Sjálfstæðisflokkurinn er eitt og kjósendur hans gegnum tíðina annað. Hafi Sjálfstæðisflokkurinn brugðist þjóðinni, þá hefur hann brugðist kjósendum sínum enn freklegar. Kjósendur Sjálfstæðisflokksins sem héldu sig vera að kjósa trausta efnahagsstjórn, sem Sjálfstæðismenn auglýstu sem stærsta velferðarmálið, ætluðust ekki til þess, voru ekki að kjósa það, að efnahag landsins yrði rústað. Eigi einhverjir kjósendur um sárt að binda í dag þá eru það kjósendur Sjálfstæðisflokksins. Þeim hlýtur, bókstaflega hlýtur, að fækka sem treysta sér til að setja x í við D í ljósi reynslunnar. Reynslan, hinn ólygnasti allra dómara hefur talað.

Með öflugum kosningasigri Vinstrireyfingarinnar græns framboðs og sterkri stöðu okkar í stjórnámálum í framhaldinu er það best tryggt, eins vel tryggt og það getur verið, að hér sitji áfram við völd, félagslega sinnuð, vinstri sinnuð og umhverfisvæn ríkistjórn, rauðgræn

ríkisstjórn. Og ekki bara það, líka ábyrg ríkisstjórn, ríkisstjórn og þar á meðal ráðherrar efnahags- og ríkisfjármála sem eru vakandi í vinnunni.

Það er það sem við viljum, ekki satt?

Samstarf núverandi ríkisstjórnarflokka hefur gengið vel og nýtur stuðnings þjóðarinnar. Það leggur góðan grunn að framhaldinu.

Ég ætla að ljúka þessu með orðum sem ég lét falla á Alþingi við upphaf hrunsins; Munum það að öll el birtir upp um síðir. Við munum fara í gegn um þetta saman. Vinstrihreyfingin grænt framboð heitir því að bregðast ykkur ekki, góðir landsmenn, það hafa þegar of margir aðrir gert.

Megi vorið verða heitt, rautt og grænt.

Takk fyrir.